

Foreldrafélag Sunnulækjarskóla


Fréttabréf

maí 2012

Kæru foreldrar og forráðamenn

Flestir stjórnarmenn í félaginu eru nú að ljúka sínu kjörtímabili og gefa ekki allir kost á sér til áframhaldandi setu. Samstarfið hefur verið mjög ánægjulegt og það hefur bæði verið spennandi og gefandi að vinna að uppbyggingu öflugs foreldrastarfs í tiltölulega nýjum skóla.

Nú er hins vegar kominn tími til að fá nýtt fólk inn í stjórn félagsins og hvetjum við alla sem láta sig varða velferð barnanna okkar að vera ófeimna við að bjóða sig fram eða tilnefna aðra. Foreldrasamfélagið í Sunnulækjarskóla samanstendur af u.þ.b. 600 foreldrum og forráðamönnum og eru allir kjörgengir í stjórn félagsins.

Ef þið hafið ábendingar um áhugasama foreldra eða viljið bjóða ykkur fram til starfsins þá hafið samband við Lindu Björk í síma 867 5878 eða sendið henni póst á lifsol@hotmail.com. 

Við
þökkum
foreldrum,
starfsfólki skólans
og nemendum
gott samstarf á
starfsárinu.

Kveðja,
stjórnin

Kæru foreldra/forráðamenn tilvonandi 1. bekkinga
 Í Sunnulækjarskóla hefur þróast öflugt foreldrastarf og hvetjum við
 ykkur til að kynna ykkur starf foreldrafélagsins á heimasíðu
 skólans. Þar er að finna tengil inn á vef félagsins auk þess sem öll
 útgefin fréttabréf eru aðgengileg.

Fulltrúar foreldra í hverjum árgangi (bekkjartenglar) hafa einnig
 verið mjög virkir. Foreldrar hittast um í haustið og koma sér saman
 t.d. saman um afmælishald og einnig um sameiginlega sundferð,
 jólaljósaferð og eða t.d. fjöruferð um vorið. Þannig gefst foreldrum
 ágætis tækifæri til að kynnast og stilla saman strengi.

Við ætlum að halda áfram með öflugt foreldrastarf næsta haust og
 hlökkum til að fá ykkur í lið með okkur. Kær kveðja, stjórnin

ATHUGIÐ!

Ákveðið hefur
 verið að flýta
 aðalfundi
 til kl. 17 vegna
 forkeppninnar í
 Eurovision
 sem hefst sama
 dag kl.19!

Stuttur aðalfundur og kaffispjall

Aðalfundur Foreldrafélags Sunnulækjarskóla
 verður haldinn þriðjudaginn
22. maí 2012 kl. 17:00
 á kaffistofu kennara í Sunnulækjarskóla.

Foreldrar/forráðamenn tilvonandi 1. bekkinga
 eru sérstaklega boðnir velkomnir.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins
2. Gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum
3. Kosningar
4. Aðalfundur ákveður upphæð árgjalds fyrir skólaárið 2012-2013

5. Önnur mál

Vonumst til að sjá sem flesta.

Kveðja stjórnin